

Stjórnarfundur Geðhjálp 05.03.2015

Mættir: Hrannar Jónsson, Sveinn Rúnar Hauksson, Sylviane Lecoultre, Bergþór Böðvarsson, Þórður Ingbórsson og Róbert Lagerman. Gestur var Héðinn Unnsteinsson, fyrrverandi stjórnarmaður.

1. Yfirferð fundargerðar síðasta stjórnarfundar (MHH).

Yfirferðinni var frestað vegna forfalla ritara.

2. Breytingar á gildandi lögræðislögum, sbr. fylgigögn.

Gestur Héðinn Unnsteinsson, fyrrverandi stjórnarmaður. (HJ).

HU fór yfir kosti og galla frumvarps um breytingar á gildandi lögræðislögum. Fram kom að helstu kostir frumvarpsins væru m.a. niðurfelling ótímabundinnar lögræðissviptingar, aukin rannsóknarskylda dómara, ráðgjöf við sjálfræðissvipta og stuðningur við sjálfræðissvipta og aðstandendur þeirra í kjölfar nauðungarvistar.

SRH sagðist hafa orðið fyrir vonbrigðum með frumvarpið að því leyti að því fylgdi lítil breyting til batnaðar hvað varðaði ofbeldi og þvingun í geðheilbrigðisþjónustu. Hann nefndi í því sambandi að 28. gr. um þvingaða lyfjagjöf stæði óbreytt.

SL lagði áherslu á að orðalag frumvarpsins þyrfti að vera skýrt.

AGÓ tekur saman athugasemdirnar, mótar drög að umsögn og sendir til stjórnarinnar til umsagnar fyrir helgi. Skila þarf innanríkisráðuneytinu umsögninni á þriðjudagsmorgun.

3. Batamódel & læknamódel, hugmyndahópur vegna málþings í haust (HJ).

Frestað.

4. Aðalfundur, framboðsmál (HJ, AGÓ).

Fram kom að fundarboð með tillögu að lagabreytingum hefði verið sent til félagsmanna. Maggý, Jón Tryggvi og Þórður ætla að bjóða sig fram aftur. Sveinn Rúnar gaf ekki afdráttarlaust svar.

Fjórir til viðbótar við sitjandi stjórnarmenn hafa lýst yfir framboði. Þeir eru Védís Drafnardóttir, Einar Kvaran, Einar Gísli Gunnarsson og Halldóra Pálsdóttir.

5. Húsnæðismál, upplýsingamiðlun (HJ, AGÓ).

Samþykkt var fyrirbyggjandi teikning af framtíðarhúsnæði Geðhjálpur. Teikningin verður send til byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar. Því næst verður hún magnáætluð og útbúin útboðslýsing. Óskað verður eftir tilboðum frá þremur verktökum í framkvæmdina í kjölfarið.

6. Vertu úlfur! (HJ).

Héðinn sagði frá útkomu bókar sinnar *Vertu úlfur* þann 26. mars næstkomandi. Bókin er persónuleg reynslusaga. Þar kemur m. a. fram hvernig honum var mismunað innan heilbrigðiskerfisins á grundvelli skoðana hans á geðheilbrigðiskerfinu. Málið er í ferli hjá umboðsmanni Alþingis.

7. Önnur mál, t.d. ferð til Ísafjarðar, morgunverðarfundur, þunglyndisráðstefna.

HJ og AGÓ sögðu frá morgunverðarfundum Geðhjálpur og Olnbogabarna um tvíþættan vanda 12. mars.

Fundi var slitið um kl. 19.20.